

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2011 í máli nr. E-4580/2010:

Arion banki hf.

(Sigurður Guðmundsson hdl.)

gegn

Hætti ehf.

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda hinn 20. október sl. er höfðað með stefnu birtri 16. júní 2010.

Við dómsuppsögu er gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi er Háttur ehf., Kringlunni 5, Reykjavík, fyrirsvarsaður Karl Emil Wernersson, kt. 000000-0000, Engihlíð 9, 105 Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.869.865,58 svissneskir frankar, 201.999.288 japönsk jen og bankakostnað 1.500 kr. ásamt dráttarvöxtum sem eru 11,94833% af 4.869.865,58 svissneskum frönkum frá 15.06.2009 til greiðsludags og 11,98625% af 201.999.288 japönskum jenum frá 15.06.2009 til greiðsludags, allt að frádregnum eftirfarandi innborgunum:

Dags. 24.11.2009 að upphæð 101.430,82 svissneskir frankar og 4.183.494 japönsk jen, dags. 31.01.2010 að upphæð 3.834,25 svissneskir frankar og 157.489 japönsk jen, dags. 31.01.2010 að upphæð 6.584,59 svissneskir frankar og 270.457 japönsk jen, dags. 15.03.2010 að upphæð 10.067,48 svissneskir frankar og 413.711 japönsk jen, dags. 13.04.2010 að upphæð 5.282,26 svissneskir frankar og 216.877 japönsk jen, dags. 23.04.2010 að upphæð 3.227,58 svissneskir frankar og 132.475 japönsk jen, dags. 07.05.2010 að upphæð 2.174,44 svissneskir frankar og 89.210 japönsk jen.

Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega.

Í báðum tilvikum krefst stefndi greiðslu málskostnaðar.

Krafa stefnda um frávísun er til úrlausnar hér.

Stefnandi mótmælir kröfu stefnda um frávísun máls þessa. Hann kveðst byggja kröfu sína á lánsamningi nr. 4917 milli stefnda, Háttar ehf., sem lántaka og Kaupþings banka hf., (nú Arion banki hf.) sem lánveitanda. Með lánsamningnum, dagsettum 2. apríl 2007, sem frammi liggi í málinu hafi lánveitandi lánað stefnda jafnvirði 402.200.000 króna í eftirfarandi myntum og hlutföllum: 70% í svissneskum frönskum og 30% í japönskum jenum.

Samkvæmt 2. gr. lánsamningsins skyldi lántaki endurgreiða lánið með 36 greiðslum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 1. maí 2007. Hinn 15. maí 2007 hafi verið gerður viðauki við lánsamninginn þar sem afborgun fyrsta gjalddaga lánsins hafi verið frestað til 15. júní 2007. Hinn 9. desember 2008 hafi verið gerður viðauki við lánsamninginn þar sem afborgunum höfuðstóls og vaxta hafi verið frestað í sex mánuði. Skyldi lántaki þá endurgreiða eftirstöðvar lánsins með 12 greiðslum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 15. júní 2009.

Samkvæmt 1. lið 3. gr. lánsamningsins skyldu lánshlutar lánsins, í öðrum myntum en evrum, bera breytilega vexti sem skyldu vera LIBOR vextir eins og þeir ákvarðist fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni fyrir viðkomandi vaxtatímabil, tveimur virkum bankadögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils að viðbættu 1,75% vaxtaálagi.

Vextir skyldu reiknast þannig að á ársgrundvelli er margfaldað með raunverulegum fjölda daga og deilt í með 360. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á, á gjalddögum þess. Hvert vaxtatímabil skyldi vera einn mánuður.

Samkvæmt 6. lið 3. gr. lánasamningsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð, í erlendum myntum, frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvextir lánsins skulu vera vaxtagrunnur, auk 1,75% vaxtaálags sbr. gr. 3.1., að viðbættu dráttarvaxtaálagi sem skal vera 10%. Vaxtagrunnur eru LIBOR vextir eins og þeir ákvarðast fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni fyrir viðkomandi vaxtatímabil, tveimur bankadögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils. Tveimur bankadögum fyrir gjalddaga lánsins voru LIBOR vextir fyrir japönsk jen 0,23625% og 0,19833% fyrir svissneska franka sbr. dskj. nr. 15. Vaxtagrunnur auk vaxtaálags að viðbættu dráttarvaxtaálagi er 11,98625% fyrir japönsk jen og 11,94833% fyrir svissneska franka.

Gjalddagi lánsins hinn 15. júní 2009 hafi ekki verið greiddur. Skuld samkvæmt lánasamningnum hinn 15. júní 2009 hafi verið 4.869.865,58 svissneskir frankar og 201.999.288 japönsk jen og bankakostnaður 1.500 krónur. Inn á skuldina hafi verið greiddar þessar innborganir:

Dags. 24. nóvember 2009 101.430,82 svissneskir frankar og 4.183.494 og japönsk jen, dags 31. janúar 2010 3.834,25 svissneskir frankar og 157.489 japönsk jen, dags 31. janúar 2010 6.584,59 svissneskir frankar og 270.457 japönsk jen, dags. 15. mars 2010 10.067,48 svissneskir frankar og 413.711 japönsk jen, dags. 13. apríl 2010 5.282,26 svissneskir frankar og 216.877 japönsk jen, dags. 23. apríl 2010 að 3.227,58 svissneskir frankar og 132.475 japönsk jen, dags. 7. maí 2010 2.174,44 svissneskir frankar og 89.210 japönsk jen og kveður stefnandi tillit verða tekið til þessa við uppgjör kröfunnar.

Stefnda hafi verið tilkynnt um vanskilin með innheimtubrési dagsettu 3. mars 2010. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga beri stefnda að greiða kröfuna. Varðandi varnarþing vísast í I. lið 17. gr. lánsamningsins.

Með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið ákveðið að taka yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf., kt. 000000-0000, og víkja stjórn bankans og skipa skilanevnd yfir hann. Ákvörðun þessi sé dagsett 9. október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dagsettri 22. október 2008 hafi ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka hf., verið ákveðin.

Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við 3. gr. í samningi aðila, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Um aðild vísast til 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi lýsir málavöxtum svo að í desember 2006 hafi hann sótt um lán frá stefnanda til greiðslu kaupverðs fasteignarinnar að Síðumúla 20-22, Reykjavík. Hinn 21. desember 2006 hafi verið samþykkt í lánanefnd forvera stefnanda, Kaupþings banka hf., að veita stefnda lán að fjárhæð 400.000.000 króna tengt myntkörfunni japönsk jen 30% og svissneskir frankar 70%. Samþykkt hafi verið að lánið skyldi bera vexti sem jafngiltu REIBOR eða LIBOR vöxtum auk 1,75% vaxtaálags.

Stefnandi hafi tilkynnt stefnda um lánsamþykkið með tölvupósti hinn 16. mars 2007.

Stefndi hafi á þessum tíma fengið afhent frá stefnanda greiðsluáætlun sem sýnt hafi fram á áætlaðar greiðslur á láninu í íslenskum krónum

Hinn 30. mars 2007 hafi fengist samþykki fyrir því að lánsfjárhæðin yrði hækkuð í 402.200.000 krónur í þeim tilgangi að útreidd fjárhæð yrði 400.000.000 króna líkt og stefnda hafi verið nauðsynlegt vegna kaupa sinna á fasteigninni að Síðumúla 20-22, Reykjavík.

Hinn 30. mars 2007 hafi stefndi fengið útgefið skilyrt veðleyfi frá seljanda fasteignarinnar að Síðumúla 20-22, Reykjavík, Esjuborg ehf., þar sem stefnda hafi verið heimilað að veðsetja eignina sem kaupa hafi átt gegn staðfestingu stefnanda á því að 400.000.000 króna yrði ráðstafað beint inn á bankareikning Esjuborgar ehf.

Hinn 2. apríl 2007 hafi stefndi og stefnandi gert með sér lánessamning þann sem stefnandi geri kröfur um greiðslur samkvæmt máli þessu. Hinn 10. apríl 2007 hafi lánsfjárhæðin að frádregnum lántökukostnaði, það er 400.000.000 króna, verið greidd af stefnanda inn á reikning Esjuborgar ehf. í samræmi við ákvæði hins skilyrta veðleyfis.

Samkvæmt ákvæðum lánessamningsins skyldi stefndi endurgreiða lánið með 36 greiðslum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 1. maí 2007, og skyldi hver greiðsla nema 1/240 hluta lánsins. Á síðasta gjalddaga, sem þá hafi átt að vera 1. maí 2010, skyldi stefndi greiða eftirstöðvar lánsins nema heimild hefði fengist til framlengingar þess.

Með skilmálabreytingu, dags. 15. maí 2007, hafi endurgreiðsluskilmálum lánessamningsins verið breytt þannig að fyrstu afborgun hafi verið frestað til 15. júní 2007 og aðrir gjalddagar breyst til samræmis við það.

Með skilmálabreytingu, dags. 9. desember 2008, hafi endurgreiðsluskilmálum verið breytt á ný þannig að endurgreiða ætti lánið með 12 greiðslum á eins mánaðar fresti, þeirri fyrstu 15. júní 2009, og skyldi hver greiðsla nema 1/240 hluta lánsins. Á síðasta gjalddaga sem þá hafi átt að vera 15. júní 2010 skyldi stefndi greiða eftirstöðvar lánsins nema heimild hefði fengist til framlengingar þess.

Stefndi hafi síðan greitt þær afborganir sem tiltekna séu í stefnu, hinn 9. desember 2008, alls 7 gjalddaga af 12. Stefnandi hafi ekki veitt heimild til framlengingar lánsins og hafi nú stefnt stefnda til endurgreiðslu þess að fullu í erlendum myntum.

Af hálfu stefnda er á það bent að lánsfjárhæð samningsins sé einungis tilgreind í íslenskum krónum, en í tilteknu hlutfalli í erlendum myntum. Fjárhæð myntanna sé ekki frekar tilgreind í samningnum. Í lánessamningnum komi fram að skuldfæra skuli þrjá reikninga stefnda, nr. [...] (svissneskir frankar), nr. [...] (japönsk jen) og nr. [...] (íslenskar krónur). Hins vegar beri greiðslukvittanir vegna lánessamningsins með sér, að íslenskir reikningar stefnda hafi verið skuldfærðir fyrir afborgunum. Því virðist fyrrgreint ákvæði lánessamningsins einungis hafa verið til málamynda. Stefnandi kannist síðan ekki við að hafa óskað eftir stofnun bankareikninga í japönskum jenum og svissneskum frönskum.

Afborganir hafi verið skuldfærðar án beiðni stefnda af reikningi hans í íslenskum krónum. Eftir þá skuldfærslu virðist sem stefnandi hafi, án beiðni stefnda, látið fara fram meint gjaldmiðlaviðskipti og fært andvirði þeirrar fjárhæðar inn á reikninga stefnda nr. [...] og nr. [...]. Stefndi hafi aldrei fengið neinar upplýsingar um umrædd meint gjaldmiðlaviðskipti og virðist því eingöngu hafa verið um málamyndafærslu að ræða en ekki raunveruleg gjaldmiðlaviðskipti. Stefnandi beri að minnsta kosti sönnunarbyrðina fyrir öðru.

Að auki megi benda á að önnur gögn málsins, svo sem greiðsluáætlun, tölvuskeyti og lánsamþykki beri með sér að tilgangur aðila hafi verið sá að lána fjárhæð í íslenskum krónum.

Ljóst sé að lánsfjárhæðinni hafi verið varið til kaupa á fasteign þar sem kaupverðið hafi verið í íslenskum krónum. Þá liggi einnig fyrir að þrátt fyrir ákvæði lánsamningsins um að leggja ætti lánsfjárhæðina inn á tiltekna gjaldeyrisreikninga hafi lánsfjárhæðin verið millifærð af stefnanda í íslenskum krónum á bankareikning Esjuborgar ehf. skv. ákvæðum skilyrts veðleyfis.

Því er alfarið mótmælt að kvittanir frá bankanum og málamyndafærsla gjaldmiðla inn á reikninga stefnda sýni fram á að gjaldeyrisviðskipti hafi farið fram. Stefndi telur einsýnt að þar sé um tölvufærslur að ræða án tengingar við nokkur gjaldmiðlaviðskipti. Stefndi telur einsýnt að engin eiginleg gjaldeyrisviðskipti hafi farið fram.

Stefndi telur það sama eiga við um allar þær kvittanir sem stefnandi hafi lagt fram varðandi innborganir á skuldina.

Af framangreindu leiði að hér sé ekki um að ræða lán í erlendri mynt, heldur í raun lán í íslenskum krónum hvers höfuðstóll breytist miðað við gengi erlendra gjaldmiðla sem tilgreindir séu, enda hafi það verið greitt út í íslenskum krónum og íslenskir bankareikningar skuldfærðir fyrir greiðslu vaxta og afborgana. Lánsamningurinn feli þannig í sér óheimila verðtryggingu sem brjóti í bága við ákvæði 13. og 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001

Af hálfu stefnda er byggt á því að krafa stefnanda sé því ekki reifuð með tilliti til þess að um sé að ræða lánsfé í íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla. Sé krafa stefnanda svo vanreifuð að ekki sé unnt að fella dóm í málinu í núverandi búningi. Í stefnu komi fram að gjalddagi láns stefnda frá 15. júní 2009 sé ógreiddur og fullyrt að þann dag hafi öll skuld stefnda verið fallin á gjalddaga.

Þrátt fyrir þetta liggi fyrir að eftir 15. júní 2009 hafi umtalsverðar fjárhæðir verið greiddar inn á lánið með sjö innborgunum, í fyrsta skipti hinn 24. nóvember 2009. Auk þess liggi fyrir að lokagjalddagi lánsins hafi ekki verið 15. júní 2009 heldur 15. júní 2010. Þetta sé meðal annars staðfest í stefnu þar sem segi:

„Þann 09.12.2008 var gerður viðauki við lánsamninginn þar sem afborgunum höfuðstóls og vaxta var frestað í sex mánuði. Skyldi lántaki þá endurgreiða eftirstöðvar lánsins með 12 greiðslum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 15.06.2009.“

Það sé því verulegt innra ósamræmi í málatilbúnaði stefnanda. Við lestur þeirra skjala sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins fæst engin útskýring á því hvers vegna stefnandi miðar dómkröfu sína við að skuld stefnda hafi verið gjaldfallin þann 15. júní 2009.

Í stefnu segir að stefnda hafi verið tilkynnt um vanskil sín með innheimtubrési dags. 3 mars 2010. Í umræddu innheimtubrési er stefnda tilkynnt hver heildarskuld hans við stefnanda sé og fullyrt að lánið hafi verið í vanskilum síðan 15. júní 2009 og að af þeim sökum hafi stefnandi gjaldfellt lánið í heild sinni. Ekkert kemur fram um það í umræddu innheimtubrési, frekar en í stefnu þessa máls, hvaða gjalddagi sé í vanskilum né hvernig það geti samrýmst þeirri staðreynd að stefnandi hefur greitt alls 7 innborganir inn á lánið síðan 15. júní 2009 að það hafi verið í vanskilum síðan þá. Hvergi í málinu er samtímatilkynning um gjaldfellingu þann 15. júní 2009. Er því mótmælt að lánið hafi verið gjaldfellt á þeim degi.

Að lokum er byggt á því að þar sem ekki liggi frammi útreikningur fyrir kröfu stefnanda í íslenskum krónum þá sé ómögulegt fyrir réttinn að átta sig á því hver fjárfkrafa stefnanda sé í raun og veru.

Stefnandi telur framangreint fela í sér að stefna í máli þessu uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 80. gr. einkamálalaga, þá sérstaklega d- og e-liðar, enda er gjalddagi dómkröfu stefnanda á reiki og málsástæður óljósar og ósamrýmanlegar innbyrðis.

NIÐURSTAÐA

Á forsíðu lánsammans aðila segir: „Lánsamningur í erlendum myntum milli Kaupþings Banka hf. sem lánveitanda og Háttar ehf. sem lántaka.“

Í 2. gr. sammingsins segir að lántaki lofi að taka að láni og lánveitandi að lána „að jafnvirði íslenskar krónur 402.200.000,- [...] í eftirfarandi erlendum myntum: CHF 70% JPY 30%“. Í fylgiskjali við lánsamning þar sem fram kemur beiðni um útborgun samkvæmt lánsamningi er vísað til lánsammans að jafnvirði 402.200.000 íslenskar krónur, í svissneskum frönskum og japönskum jenum. Þá segir í umboði forsvarsmanns lántaka til Gunnars Gunnarssonar, sem undirritaði lánsamninginn, að Gunnari sé veitt „ótakmarkað umboð til að undirrita kaupsamning vegna fasteignar að Síðumúla 20-22, Reykjavík og lánasamning við Kaupthing Banka hf. vegna sömu fasteignar að fjárhæð 400.000.000 kr. auk lántökukostnaðar“. Í viðauka við lánsamning frá 15. maí 2007 er vísað til lánsammans að „jafnvirði kr. 402.200.000 í erlendum myntum“. og sama orðalag kemur fram í viðauka við lánsamning frá 9. desember 2007. Þá kemur fram í síðastgreindum viðauka að skilmálabreyting sem fram kemur í viðaukanum sé háð því skilyrði að lántaki greiði mánaðarlega 2.600.000 krónur inn á handveðsettan reikning lántaka hjá bankanum. Af tölvupósti frá 30. mars 2007 sem liggur frammi í málinu verður ráðið að lánsupphæð til stefnda var hækkuð um 2,2 milljónir króna þannig að þeir fengju um 400 milljónir greiddar. Fram kemur á kvittun fyrir innborgun dagsettri 10. apríl 2007 að stefndi greiðir 400.000.000 krónur inn á

reikning Esjuborgar ehf. skv. skilyrtu veðleyfi. Hinn 30. mars 2007 veitti Esjuborg ehf. stefnda heimild til að veðsetja eignirnar Síðumúla 20 og 22 fyrir tryggingarbréfi allt að fjárhæð 450.000.000 króna, sem samkvæmt gr. 6.1. í lánessamningi aðila skyldi til tryggingar láninu, með því skilyrði að Kaupþing banki hf. ábyrgðist að ráðstafa 400.000.000 kr. af andvirði lánsins inn á reikning Esjuborgar ehf.

Af framaröktu má sjá að hvorki í lánessamningi aðila né viðaukum við hann eru fjárhæðir tilgreindar í erlendri mynt heldur notað orðalagið „að jafnvirði“. Þá er ljóst af gögnum málsins að tilgangur lántöku stefnda var sá að fjármagna kaup á tilteknum fasteignum hér í borg og greiða seljanda þeirra 400.000.000 króna . Þannig greiddi forveri stefnanda lánsfjárhæðina í íslenskum krónum inn á reikning Esjuborgar ehf. hinn 10. apríl 2007.

Þegar til þess er litið að einu fjárhæðirnar sem tilgreindar eru í lánessamningi aðila og viðauka við hann eru í íslenskum krónum og litið til ráðstöfunar lánsfjárhæðarinnar inn á reikning Esjuborgar ehf. svo og hver tilgangur stefnda var með lántöku sinni þykir verða á því að byggja að lántaka stefnda hafi í reynd verið í íslenskum krónum en höfuðstóll lánsins skyldi breytast miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Þykja færslur forvera stefnanda um gjaldeyrisreikninga stefnda ekki haggja þessari staðreynd. Málið er hins vegar ekki reifað af hálfu stefnanda með tilliti til þessa og þykir það slíkur annmarki á máltilbúnaði hans að þegar af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi svo sem krafist hefur verið af stefnda.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon